



# Ungmennaráð Hrunamannahrepps

2. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn þriðjudaginn 14. nóvember 2023 kl. 19:00 í Félagsmiðstöðinni Zero á Flúðum.

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Guðrún Lilja Árnadóttir varaformaður, Ingunn Lilja Arnórsdóttir aðalmaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Sara Nadía Gunnarsdóttir aðalmaður og Hjalti Árnason varamaður.

Þar sem Kolbrún umsjónarmaður innleiðingar á Barnvænu samfélagi mættir á fundinn og kynnis innleiðinguna var ákveðið að boða aðal- og varamenn á fundinn.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason, starfsmaður Ungmennaráðs og forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, sem ritaði fundargerð í tölvu.

## 1. Kynning á Verkefninu Barnvænt Samfélag

- a. Kolbrún Haraldsdóttir kynnis fyrir okkur innleiðingu á Barnvænu Samfélagi sem er á vegum Unicef. Farið yfir innleiðingarferlið og helstu réttindi barna sem varin eru í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Flestir nefndarmenn eru að koma nýjir inn í ungmennaráð á þessu starfsári og því þótti mikilvægt að fá ítarlega kynningu frá Kolbrúnu um verkefnið og framgang þess. Ungmennaráð telur verkefnið mjög mikilvægt og nefndarmenn taka vel í frekara samstarf í innleiðingarferlinu.

## 2. Formaður foreldrafélags kynnis starfið

- a. Margrét Sævarsdóttir kom inn á fundinn og sagði okkur frá starfi foreldrafélagsins. Hlutverk foreldrafélagsins rætt í víðu samhengi og hvernig efla megi enn frekar samstarf milli ungmennaráðs og foreldrafélagsins. Þátttaka foreldra í félagsstarfi á vegum foreldrafélagsins mikilvægt, en slíkt getur styrkt tengsl barna og ungmenna sín á milli.
- b. Ábendingar frá ungmennaráði til foreldrafélags um mikilvægi forvarnarstarfs innan skólans sem og utan. Rætt um hvers konar forvarnarerindi henta ungmönnum og hvað ber að hafa í huga við val á forvarnarfræðslu.

## 3. Undirbúningur fyrir Leiðtogafund ungs fólks í Hörpu dagana 24.-25. nóvember 2023

- a. Farið yfir dagskrá Leiðtogafundarins og þann undirbúning sem þarf að eiga sér stað. 21. og 22. nóvember fara fram undirbúningafundir með verkefnastjórum leiðtogafundarins á Teams sem ungmennaráð þarf að taka þátt í. Leiðtogafundurinn er á föstudegi og laugardegi, ákveðið að keyra á milli en ekki gista á höfuðborgarsvæðinu.

Fundi slitið kl. 20:58